

**Tillögur lagðar fyrir aðalfund Nýherja hf.
4. mars 2016**

- 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið rekstrarár**
- 2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu**

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2015 verði staðfestur.

Stjórn Nýherja leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2016. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

- 3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna**

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að laun stjórnarmanna og varamanns þeirra verði 450.000 kr. á mánuði og laun annarra stjórnarmanna 150.000 kr. á mánuði.

Þá leggur stjórn Nýherja hf. til við aðalfund félagsins að þóknun fyrir setu í undirnefndum og stjórnnum dótturfélaga verði 50.000 kr. Undirnefndir stjórnar eru endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd og tækninefnd.

- 4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu**

Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á heimasíðu félagsins.

- 5. Tillaga um samþykkt heimildar stjórnar til þess að gefa út nýtt hlutafé vegna kaupréttaráætlunar**

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórninni verði veitt heimild til að gefa út nýtt hlutafé, allt að kr. 60.000.000 að nafnverði til að uppfylla skyldur sem félagið kann að takast á hendur með gerð kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga. Kaupréttarsamningar munu byggja á kaupréttaráætlun sem gerð hefur verið á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. fyrirbyggjandi drög að kaupréttaráætlun, sem eru aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu félagsins og teljast hluti tillögu þessarar.

Nýtt hlutafé sem kann að verða gefið út á grundvelli þessarar heimildar skal vera í sama flokki og núverandi hlutafé og bera sömu réttindi. Almennar reglur samþykktu félagsins munu gilda um viðskipti með hlutaféð en verði hlutaféð framselt innan tveggja ára frá útgáfu verður skattlagningu háttáð með öðrum hætti, sbr. ákvæði 10. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Heimildina þarf ekki að nýta í einu lagi og skulu hluthafar ekki hafa forkaupsrétt til nýrra hluta, einungis skal heimilt að gefa hlutafé út til að efna skuldbindingar sem felast í nefndum kaupréttarsamningum.

Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt og skal hennar getið í samþykktum félagsins, með eftirfarandi texta sem mun koma inn í nýja grein 15.2:

„Stjórn félagsins hefur heimild til að gefa út nýtt hlutafé að nafnverði allt að kr. 60.000.000 til að uppfylla kaupréttarsamninga sem kunna að verða gerðir við starfsmenn félagsins og dótturfélaga á grundvelli kaupréttaráætlunar, sem gerð er í samræmi við 9. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Heimildina þarf ekki að nýta í einu lagi og skulu hluthafar ekki hafa forgangsrétt til nýrra hluta sem gefnir eru út samkvæmt þessari heimild, en einungis skal heimilt að gefa nýtt hlutafé út til að efna gerða kaupréttarsamninga. Heimildin gildir í fimm ár frá samþykkt.“

6. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða

Auk framangreindrar breytingartillögu á samþykktum um heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé, leggur stjórn til við aðalfund að tölulið 8 í grein 4.13 samþykktanna verði breytt þannig að vísað sé til greinar 4.16 í stað greinar 4.20.

Er: *„Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.20 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.“*

Verður: *„Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.“*

Einungis er um leiðréttingu að ræða þar sem tilvísunin á réttilega að vera til greinar 4.16 í samþykktum félagsins, en ekki greinar 4.20.

7. Kosning stjórnar félagsins, sbr. grein 5.1 í samþykktum félagsins

8. Kosning endurskoðanda, sbr. grein 10.1 í samþykktum félagsins

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrtæki félagsins og að Ólafur Már Ólafsson muni annast endurskoðunina f.h. KPMG hf.

9. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga

10. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga

Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

„Aðalfundur Nýherja hf. þann 4. mars 2016 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftár á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess þ.e. 45.000.000 að nafnverði. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.“

11. Önnur mál